

Framanrituð reglugjörð, sem sýslunefndin í Ísafjarðarsýslu hefur samið, var staðfest og löggilt samkvæmt lögum nr. 14, 22. marz 1890 af amtsráði vesturamtsins á aðalfundi þess 6. og 7. þ. m., og skal hún öðlast gildi 1. dag septembermán. næstkomandi.

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 18. júní 1894.

Kristján Jónsson

settur,

56

Reglugjörð

58

fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o. fl.

I. kafli.

Um upprekstur í afrjetti og heimalönd.

1. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að búfjárhögum sje eigi íþyngt um skör fram á sumrum. Í þeim hreppum, sem afrjettir tilheyra, skulu allir, er sauðfje hafa til eignar eða umráða, skyldir að reka geldfje og lömb á afrjett eptir nánari ákvörðun hreppsnefnda, og gildir hið sama í þeim hreppum, þar sem hreppsnefndir hafa útvegað mönnum afrjett í annari sveit.

2. gr.

Ef afrjettur ber ekki allt fjallfje hreppsmanna, eiga þeir að nota hann annaðhvort til skiftis, eða hver einn að tiltölu, eða nokkurir af hreppsmönnum með samþykki hinna.

3. gr.

Hreppsnefndin hefur vald til að segja fyrir, hvort og hve lengi lömb skuli setin, áður en þau eru rekin til afrjettar, hvernig haga skuli rekstrum í afrjett, svo og um rekstur þess fjár til afrjettar, sem rennur úr afrjetti.

4. gr.

Enginn má án leyfis hreppsnefndarinnar ljá öðrum upprekstur í tiltölu sína í afrjetti hreppsins.

5. gr.

Hreppsnefnd hefur vald til að afstýra yfirgangi af innsveitis og utan-sveitar fjenaði í heimalandi, sem ekkert leyfi eða heimild er fyrir, og hefur í því skyni vald til að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði í sveitinni

58 þegar henni þykir þurfa. Það sauðfje, er fyrir kemur, má hreppsnefndin láta reka í afrjett hreppsins og taka af utansveitarfje fullan hagatoll: tuttugustu hverja kind, eða tuttugasta hluta verðs fjárins eftir verðlagsskrárverði, ef fje þetta er rekið í afrjett fyrir júnímánaðarlok, en að tiltölu minna ef síðar er rekið. Heimilt er hreppsnefnd og að láta reka fje þetta heim til eiganda í öðrum sveitum.

6. gr.

Enginn má reka fjenað sinn í lönd annara án leyfis þeirra eða skilja þar eptir af rekstrum sínum. Heldur eigi mega menn láta annara fje fara í rekstra sína til og frá af afrjetti og reka fje þetta með rekstrum sínum.

II. kaflí.

Um fjallskil.

7. gr.

Sjerhver, sem afrjett á að nota, á tiltölu til hans, eða leigir hann og hefur 25 kindur eða fleiri veturgamlar eða eldri til eignar eða umráða, er skyldur til, hvort sem hann rekur fje sitt í afrjett eða eigi, að leggja einn mann til fjallskila eða fjallsafns, er sje að minnsta kosti 16 ára að aldri og álitist til þess fær; þó skulu þeir, sem í Holtamanna-afrjett reka, því að eins skyldir að leggja einn mann hver til fjallsafns, að þeir hafi hver um sig 40 kindur eða fleiri veturgamlar eða eldri. Sá, sem hefur 100 fjár eða meira til eignar og umráða veturgamalt eða eldra, skal auk þessa taka þátt í kostnaði, sem leiðir af utan-sveitar-rjettarferðum til hirðingar á sauðfjenaði, er þar ber að hirða, og reka upp að sumrinu, þar sem þess þarf við. Ef maður eða menn eiga hlut að tveimur afrjettum, ber honum eða þeim, að gegna fullum fjallskilum í báðum afrjettunum að tiltölu við aðra, ef hreppsnefnd eða hreppsnefndir krefjast þess. Alla, sem færri fje eiga en hjer er tiltekið, lætur hreppsnefndin leggja til eptir ástæðum þeirra.

Ef hreppsnefnd álitur mjög sett í afrjett hreppsins og einhver búandi í hreppnum útvegjar sjer upprekstur í annan afrjett, má hreppsnefndin leysa þann mann undan fjallskilum að meira eða minna leyti. Ákvæði þessi gilda jafnt um húsmenn og lausamenn sem bændur.

8. gr.

Hreppsnefnd skal með fjallseðli, sem byrji að ganga um sveitina 3 vikum áður en fyrsta fjall-leit er byrjuð, boða fjall-leit fyrir hvern einstakan afrjett, enda skal hún láta gjöra fjall-leitir svo snemma, að fjallsafni sje lokið og verði rjettað: í Holta- og Land-rjettum og Rangárvallarjettum föstudaginn í 23. viku sumars, í Fljótshlíðarhreppi og Hvolhreppi fimmtudaginn og í öðrum hreppum sýslunnar miðvikudaginn næstan á undan. Smölun í Hekluhraunum má geyma þangað til mánudaginn fyrir fyrstu byggðasafnsrjett.

9. gr.

Hreppsnefnd ber að ráða umsjónarmann, »fjallkóng«, einn eða fleiri í

hvern einstakan afrjett, og getur enginn skorast undan slíkum starfa nema brýna nauðsýn beri til. Fjallkóngur skal fara eptir því, sem hreppsnefnd fyrirskipar um söfnun afrjettarins, en í afrjettinnm hefur hann öll ráð og fyrirsögn á hendi: hann skipar í leitir, hann ræður fyrir rjettarhaldi, ef rjetta þarf, og sjerhverju öðru, er söfnun fjárins viðvíkur, allt þangað til safnið er komið til almennings rjetta, og er safnmönnum skylt að hlýða honum, meðan á þessu stendur.

10. gr.

Sjerhver fjallsafnsmaður skal vera með fullri verkgreind og heilsu og svo útbúinn að hestum, mat, fötum og skóleðri og tjaldrúmi o. fl., sem hreppsnefndin ákveður.

11. gr.

Ef fjallkóngur með meiri hluta fjallsafnsmanna gjörir einhvern fjallmann apturreka fyrir einhvern brest á því, er áður var talið, eða fyrir óhlýðni eða ólæti, er að álíta, sem sá maður, er þennan mann leggur til, hafi engin fjallskil gjört, og skal hann þá borga fyrir fjallskil sín eptir mati hreppsnefndar.

12. gr.

Þar skal hver vera í göngu, sem honum er skipað, og skal hann vandlega smala svæði það, er hann skal leita. Menn frá þeim, sem fjárríkastir eru skulu sæta hinum örðugustu göngum nema hamragöngur sjeu: Þær skulu þeir hafa, er bezt eru til færir. Með örðugustu göngum telst það líka, þegar nokkurir eru sendir lengra í afrjett en aðrir.

13. gr.

Haga skal svo fjallgöngum, þar sem því verður við komið, að ekki verði misgöngur afrjetta á milli; skulu hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, koma sjer saman um, hvernig því verði við komið.

14. gr.

Þar sem svo hagar til, að afrjettur þarf eigi allra sinna manna með til fjallsafns, tekur hreppsnefndin fram á fjallseðlinum, hve margir og hverjir skuli geymast til eftirsafns.

III. kafli.

Um bygging og viðhald almenningsrjetta og stjórn á rjettahöldum.

15. gr.

Hreppsnefnd sjer um, að almennings-rjettum hreppsins með tilheyrandi dilkum sje vel við haldið, og heyrir þar til eigi einungis, að allir veggir þeirra sjeu stæðilegir um rjettatímann og nægilega háir, heldur einnig, að almennings-rjettinni sje svo hagað, að ekki standi vatn í henni, þótt votviðri sjeu, til óhæðar við fjenaðarhirðingu. Við sjerhverjar almennings-rjettir skulu vera nægir dilkar fyrir utansveitarfje og óskilafje og nægilegt rúm í hverjum dilk, til þess að enginn þurfi að hleypa út úr þeim, fyr en rjettum er lokið og hreppsnefndin

58 eða sá sem í umboði hennar stjórnar rjettahaldi, leyfir, og hefur látið rannsaka fjeð í dilkunum af markglöggum mönnum. Bygging og aðgjörð á almennings-rjettum og dilkum hvílir á öllum búöndum hreppsins, og skal hún, ef hreppsnefndin skipar ekki öðruvísi fyrir, vera fullgjörð á öðrum degi fyrir hinn fyrsta rjettardag á haustin. Ef einhverjir þá hafa eigi af lokið skylduvinnu sinni, skal hreppsnefndin láta á næsta degi vinna verkið á þeirra kostnað.

16. gr.

Vilji hreppsnefnd breyta um rjettarstæði, þarf hún til þess samþykki meiri hluta hreppsþúa og sýslunefndarinnar og þeirra, sem land eiga.

17. gr.

Hreppsnefndin skipar fyrir um innrekstur við rjettahöld og kveður á, hvenær rjettum sje lokið, og gætir þess vandlega, að þar fari allt fram í sem beztri röð og reglu. Líka skal það í valdi hennar, hvort hún vill bjóða með undirboði upp til geymslu á kostnað sveitarinnar, þann óskilafjenað, sem verður í fjallsafnsrjett, eða sleppa honum.

18. gr.

Hvenær sem rjettir eru haldnar, skulu hlutaðeigandi hreppstjórar einnig vera viðstaddir, hvort sem þeir eru í hreppsnefndinni eða ekki, og gæta almennrar lögreglu.

IV. kafl.

Um eptirleitir.

19. gr.

Eptirleit í afrjettum skal gjörð svo fljótt eptir fjallsafns-rjettir, sem unnt er og veður leyfir, og í því sambandi við byggðasöfn, að sem minnstar misgöngur eigi sjer stað milli afrjetta og heimalanda. Þyki hreppsnefnd þörf á annari eptirleit vegna óveðurs eða annara misferla, hefur hún vald til að fyrirskipa hana. Hamli óveður fjallsafns- eða eptirleitir mönnum áður en þeir hafa byrjað leit á afrjetti, er sú ferð, sem ófarin væri. Eptirleit í Hekluhraunum skal fram fara mánudaginn í 26. viku sumars.

20. gr.

Ef þeir eru of fáir til eptirleita, sem ganga af fyrsta fjallsafni, jafnar hreppsnefndin niður þeirri viðbót, sem með þarf, á alla hina etnaðri fjáreigendur, er eiga hver um sig eigi færri en 30 sauðkindur eldri en lömb, að eign og umráðum.

21. gr.

Ef afrjettur er notaður af sumum en ekki öllum hlutaðeigendum til uppreksturs, skulu þeir, sem nota hann, ávallt leggja í viðbótina allt að einum manni hver, en nægi það ekki, þá sje bætt við á sama hátt og segir í 20. grein.

22. gr.

Í afrjettum, sem þurfa allra sinna manna með til fyrsta fjallsafns, skipar hreppsnefndin fyrir um eptirleitir á sama hátt og segir í 20. grein.

23. gr.

Fje því, sem finnst í eptirleitum og eigandi leiðir sig ekki fyr að, skal ávallt haldið til skila af eptirleitarmönnum til næstu byggðasafnsrjettar á eptir.

24. gr.

Að afloknum þeim fjalleitum, sem hreppsnefndin lætur gjöra, eru hreppsþúum heimilar eptirleitir í afrjetti, en skylt skal þeim að fá til þess samþykki hlutaðeigandi hreppsnefnda, ef þeir vilja eiga von á borgun fyrir fyrirhöfn sína. Finnist nokkurt fje í þessum leitum, heimt eða óheimt, skal eigandi borga finnanda einn þriðjung verðs fyrir veturgamalt fje og eldra og helm-ing verðs fyrir lömb; þó má hreppsnefnd gjöra breyting á þessu eptir mis-munandi erfðleikum atvettanna. Hreppstjórar skulu virða fjeð til þessarar borgunar.

25. gr.

Úr heimahögum leyfist engum að selja nokkura skepnu eins og fundna í eptirleit, að afloknum lögsöfnum.

Skyldur skal þó hver einn, sem verður var við að fje er komið í svelt í hömrum í landeign sinni, á hverjum tíma árs sem er, að sjá um, ef eigi næst til eiganda, að því sje bjargað ef unnt er, og ber honum borgun fyrir það af eiganda eða af andvirði kindarinnar, ef eigandi finnst eigi, eptir mati hlutaðeigandi hreppsnefndar.

V. kaflí.

Um byggðasöfn og byggðasafnsrjettir.

26. gr.

Í hverjum hreppi skulu auk fjallsafnsrjetta haldnar að minnsta kosti 4 byggðasafnsrjettir að sauðfje þriðjudagana í 23., 24., 26. og 27. viku sumars eða fyrstu viku vetrar nema í hreppum sýslunnar milli Ytri-Rangár og Mark-arfljóts, þar skal fyrsta byggðasafnsrjett haldin miðvikudaginn í 23. viku sumars; hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps skal láta geyma óskilafje til miðvikudags ókeypis. Í Hvolhreppi og Austur-Landeyjum skal halda rjett sama dag og smalað er, nefnilega hvern mánudag, en óskilafje skal hreppsnefndin láta geyma, svo sem væri þar rjett eins og í næstu hreppum.

27. gr.

Heimilt skal hreppsnefnd, þar sem því verður við komið, að fyrirskipa þeim, er næstir búa afrjetti, að smala sjerstaklega heimaland sitt í sambandi við fjallsöfn og koma því óskilafje, sem þeir finna, í fjallsafnið.

28. gr.

Byggðasöfnun skal fram fara daginn á undan hverri byggðasafnsrjett,

58 nema í Hvolhreppi og Austur-Landeyjum (sbr. 26. gr.). Hver og einn skal þá skyldur til að smala allt heimaland sitt, og að hlýðnast þeim fyrirskipunum hreppsnefndarinnar, sem miða því til tryggingar, að vel sje smalað og að almenningur sje samtaka í smöluninni bæði innbyrðis og sveita á milli. Skal síðan allt óskilafje forsvaranlega byrgt inni um nóttina og rekið til almenningsrjettarinnar í tækan tíma næsta dag.

29. gr.

Sjerhver hreppsnefnd skal tiltaka fyrirfram á hverju hausti, hverjir skulu sveitar sinnar vegna senda í fyrstu, eða ef þörf er á í fleiri byggðasafnsrjettir til þess að hirða það óskilafje úr sinni sveit, sem þar kynni að koma fyrir. Mega aldrei vera færri en 2 úr hverjum hreppi í fyrstu byggðasafnsrjett utansveitar, að þeim undanþágum fráskildum, sem gjörðar eru í næstu grein á eptir. Vanræki einhver hreppur skyldu sína í þessu efni og hirði eigi óskilafje sitt eða það, er honum ber að hirða, eptir því sem mörk eru tilgreind eptir hinni síðast prentuðu markabók sýslunnar, má setja það í lok byggðasafnsrjettarinnar til vöktunar fyrir tvöfalt kaup við það sem ákveðið er um annað óskilafje.

30. gr.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps skal hirða í fyrstu byggðasafnsrjettum í Holtum og á Landi allt óskilafje úr öllum hreppum sýslunnar fyrir austan Eystri-Rangá, nema Vestur-Landeyjahreppi, og sjá um að það komist í fyrstu byggðasafnsrjett Rangárvallahrepps daginn eptir. Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps hefur hins sama að gæta í fyrstu byggðasafnsrjett Austur-Eyjafjallahrepps með óskilafje úr þeim hreppum sýslunnar, er liggja fyrir utan Markarfljót. Hreppsnefndirnar í Fljótshlíðarhreppi og Hvolhreppi hafa hinnar sömu skyldu að gæta í Vestur-Eyjafjallahreppi með óskilafje úr hreppum sýslunnar fyrir utan þverá, og skulu þeir koma fjenu áleiðis til einhvers hreppsnefndarmanns í næstu sveit. Að öðru leyti mega 2 hreppar leggja saman til að senda í byggðasafnsrjettir í þeim hreppum, er engan afrjett eiga.

31. gr.

Sjerhver hreppsnefnd hefur heimild til að fyrirskipa byggðasafnsrjettir lengur fram á vetur, ef henni þykir þurfa, einkum ef veður falla vel, svo að von sje á miklum samgöngum.

32. gr.

Verði einhver ber að því, að smala heimaland sitt óforsvaranlega í byggðasöfnun hefur hreppsnefndin vald til að setja tilsjónarmann við smölun hans, eða þá að láta aðra framkvæma hana, hvorttveggja á kostnað hins seka.

33. gr.

Bakkabæjamenn skulu á byggðasafnsdögum halda skilarjett á Bakkabæjum, þar sem hreppsnefndin ákveður, og reka óskilafje, sem eigi er hirt þar, til almenningsrjettar Rangárvallahrepps. (Framhald).

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

58

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 25. júní 1894 (A. nr. 18, bls. 110—111).

Auglýsing um bólusótt í Leith og Rotterdam o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 5. júlí 1894 (A. nr. 19, bls. 112—113).

Reglugjörð

fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o. fl. (Framh.).

34. gr.

Skilarjettir að hrossum skulu menn halda í hverjum hreppi þriðjudaginn í 25. viku sumars, eptir smölun á þeim, er búendur skulu leysa forsvaranlega af hendi. — Hver einstakur eigandi hefur ábyrgð á, að hirða hross sín að skilarjett, hvort sem er utan sveitar eða innan, að öðru leyti en því, sem ákveðið er í 36. gr. um tökuhross.

VI. kaflí.

Um tökufjenað.

35. gr.

Hver, sem kemur lömbum sínum, sauðfje, nautum eða hrossum til sumararbeitar hjá öðrum, og hver sá, er tekur slíkan fjenað til sumararbeitar, er skyldur að skýra hreppsnefndum sínum frá þessu, ef þær krefjast þess. Nú þykir hreppsnefnd einhver taka óhæfilega mikið af innansveitar eða utansveitar fjenaði, nautum eða hrossum til sumararbeitar eða hagagöngu á vetrum, og hefur hún þá heimild til að banna slíka töku fram yfir það, er hún metur að hagrúm hans geti leyft. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndarinnar.

36. gr.

Komi tökufjenaður til rjetta, hefur sá ábyrgð á, sem tekið hefur.

VII. kaflí.

Um kalineyrt og eyrnalaust fje og ómerkinga.

37. gr.

Kalineyrt og eyrnalaust fje og ómerkinga, sem lambsmæður eigi helga sjer í heimarjettum, skal sjerhver reka til almennings rjetta bæði í fjallsöfnun og byggðasöfnun, og skal hreppsnefnin sjá um, að allt slíkt fje sje dregið í dilk sjer; haldi einhver slíku fje frá rjettum, eða dragi sjer það án leyfis hreppsnefndar með launung eða ofriki, hefur hann fyrirgjört eignarrjetti að hinni sömu kind, er þannig er með farið, þótt lambsmóðir helgi sjer á eptir. Síðan skal leiða ær að dilkum, sem og leyfa mönnum með öðru móti að sanna eign-

20. dag júlímán. 1894.

58 arrjett sinn með óbrigðulum einkennum, en þó eigi af fjárbragði einu saman.— Ómerkinga þá, sem enginn hefur getað helgað sjer í síðustu rjett, skal sá eignast, er býr á jörð þeirri, er almennings rjett stendur á, nema hann hafi samið við hreppsnefnd um aðra borgun. Kalneyrt og eyrnalaust fje sje þegar í hverri rjett selt við uppboð, hlutaðeigandi sveitarsjóði til inntektar. Um eldri ómerkinga, sem koma fram í fjallasöfnum eða byggðasöfnum, gildir hið sama og um ómörkuð lömb.

38. gr.

Allir ómerkingar, eldri og yngri, sem finnast að afloknum öllum byggðasöfnum, skulu afhentir hreppsnefndinni, og geti enginn helgað sjer þá, skulu þeir seldir, hlutaðeigandi sveitarsjóði til inntektar.

VIII. kafl.

Um meðferð á óskilafjenaði.

39. gr.

Í öllum byggðasafnsrjettum skulu hreppsnefndir láta skrifa upp allt það fje, sem enginn leiðir sig að, og að öðru leyti, að því er vöktunarkaup snertir, er ekki heyrir undir ákvörðunina í 29. gr., skulu mörk og einkenni á því skrifuð upp og markaseðlar þessir sendir tafarlaust til hvernar hreppsnefndar í sýslunni, en fjeð tekið í vöktun fyrir 3 aura í vöktunarkaup fyrir hverja kind um hvern sólarhring, hvort sem nokkur eigandi leiðir sig að eða eigi. Ómerkinga skal fara með sem annað óskilafje og vöktunarkaup greiðast af þeim, er þá hlýtur.

40. gr.

Geti hreppsnefnd engan fengið til vöktunar fyrir hið ákveðna kaup, getur hún skyldað hvern búanda í hreppnum til þess, þó eigi lengur en 2 ár samfleytt.

41. gr.

Glatist kind úr vöktun, svo eigi verði staðið skil á, þegar eigandi vitjar, skal sá, er vaktað hefur, hafa fyrirgjört öllu vöktunarkaupi fyrir þá kind, og komi kindin eigi til skila á uppboðsdegi, borgar vöktunarmaður eiganda eða sveitinni fyrir veturgamla kind eða eldri verð hennar eptir verðlagsskrá og fyrir lamb 2 krónur, enda skal hann eignast hina týndu kind, ef finnast kann.

42. gr.

Óskilafje skal í vöktun vera 2 vikur frá því að lýsingarseðlar voru út gefnir, og skal uppboðsdagurinn á því auglýstur fyrirfram.

43. gr.

Að liðnum þessum fresti skal óskilafje selt við opinbert uppboð, ef eigandi hefur eigi leitt sig að því. Eigandi hefur 2 vikur frá söludegi rjett til að fá eign sína þegar hann hefur borgað uppboðskostnað, vöktunarkaup og annan áfallinn kostnað. Hafi kindin drepizt fellur hún eiganda, en til september-

mánaðarloka næsta ár á eftir á hann kost á að sanna eignarrjett sinn að uppbóðsandvirði hinnar seldu óskilakindar, að frá dregnum sölulaunum og vöktunarkaupi fram að söludegi, og öðrum áföllnum kostnaði. Hafi enginn eigandi gefið sig fram innan ákveðins tíma, er andvirði slíks óskilafjár fært hlutaðeiganda hreppi til inntektar í ársreikningi hans.

44. gr.

Til þess að geta sannað eignarrjett sinn að sauðfje, hlýtur eigandi að hafa lögheimilt og auglýst mark. Gefi tveir eða fleiri sig fram sem eigendur að sama marki, er hreppsnefndin ekki skyld til að svara kindinni eða andvirði hennar, fyr enn einhver þeirra hefir löglega sannað forgangs-rjett sinn.

45. gr.

Það óskilafje, sem finnst að afloknum öllum byggðasöfnum veturinn út, skal afhendast hreppsnefndinni, sem lætur selja þetta fje sem fyrst á sama hátt og annað óskilafje. Ef eigandi þekkist eptir markabók sýslunnar, skal hreppsnefndin stuðla til, að hann fái vitneskju um fjeð fyrir söluna.

46. gr.

Hross þau, sem lenda í óskilum við skilarjett að þeim, skal í rjettarlok meðfarið sem óskilafje, og gefnir út lýsingarseðlar um þau til allra hreppsnefnda í sýslunni, en höfð í vöktun í 3 vikur frá hrossarjettardegi fyrir 10 aura borgun fyrir hrossið um hvern sólarhring, enn hálfu minna fyrir folald undir meri. Týnist hross úr vöktun, hefir vöktunarmaður fyrirgjört vöktunarkaupi sínu fyrir það.

47. gr.

Að liðnum þessum fresti skulu óskilahross þessi seld við opinbert uppbóð, ef eigandi hefir eigi leitt sig að, og skal uppbóðsdagurinn fyrir fram tiltekinn á lýsingar- og markaseðlunum. Eigandi hefir rjett til, að fá eign sína, að frádregnum uppbóðskostnaði, vöktunarkaupi og öðrum áföllnum kostnaði til næstu ársloka á eftir, og til að fá andvirði þess til septembermánaðarloka næsta ár. Að öðrum kosti færist andvirðið til inntektar hlutaðeiganda sveitar-sjóði.

48. gr.

Óskilahross, sem finnast kunna á öðrum tíma árs, og eigandi þekkist eigi að, eða býr utanhrepps, þótt þekktur sje, má afhenda hreppsnefndinni til ráðstöfunar og umönnunar, og fer hún með þau eins og fyrir er mælt um hross, er lenda í óskilum í skilarjett.

49. gr.

Fyrir lok hvers árs skulu hreppstjórar senda manni, er sýslunefndin kys til þess, greinilegar lýsingar yfir allan þann óskilafjenað, sem seldur hefir verið og enginn hefir leitt sig að. Hinn kjörni maður sendir síðan eptirrit af lýsingum þessum til prentunar í blaði því, er sýslunefndin tiltekur. Ásamt lýsingunum skulu hreppstjórar af verði óskilafjenaðarins senda 25 aura fyrir

- 58** hverja kind í auglýsingarkostnað. Á sama hátt skal lýsa seldum óskilahrossum.

IX. kaflí.

Um vor-rjettir.

50. gr.

Hreppsnefndirnar í Hvolhreppi, Fljótshlíðarhreppi og í Landeyjahreppunum skulu sjá um að sjerhver búandi maður í hreppum þessum smali heimalönd sín einhvern tíma á tímabilinu frá byrjun 6. viku til loka 7. viku sumars og hreppsnefndir annarsstaðar í sýslunni skulu sjá um að slík smölun fari fram frá byrjun 6. viku til loka 9. viku sumars. Öllum aðkomnum fjenaði, sem finnst og eigandi eigi lætur hirða heima hjá mönnum, skal næsta dag eptir smölunina haldið til rjetta, svo sem unnt er, og haldin rjett á honum eptir nánari ákvæðum hreppsnefndar. Auk þess er hreppsnefnd heimilt að fyrirskipa smölun á vorin og vor-rjettahöld, eptir því sem henni þykir bezt henta.

51. gr.

Hreppsnefndum er skylt að auglýsa vor-rjettardagana í næstu hreppum.

52. gr.

Ef eigendur, sem búa innansveitar eða í nágrannasveitunum, hirða eigi fje sitt í vor-rjettum, er hreppsnefndinni heimilt að fara með fje þeirra sem óskilafje á haustin.

53. gr.

Í vor-rjettum er hvorki skylt að lýsa óskilafje nje hirða ull af því, enn marka skal lömb undir ám með sama marki og á þeim er.

54. gr.

Hreppsnefndir hafa að öðru leyti heimild til að gjöra nánari fyrirskipanir um vorsöfn og vor-rjettir, enn hjer er greint.

X. kaflí.

Um einkunnir á fje.

55. gr.

Menn skulu einkenna fje sitt með eyrnamarki og mega hreppsnefndir skipa svo fyrir, að búendur í hreppnum skuli brennimerkja fje sitt með sýslu- og hrepps-brennimarki á horni, er sje þannig: R. 1. fyrir Áshrepp, R. 2. fyrir Holtahrepp, R. 3. fyrir Landmannahrepp o. s. frv. eptir röð hreppanna í markaskrá sýslunnar.

56. gr.

Öll mörk sýslunnar skal rita á eina skrá og skal prenta hana að minnsta kosti á 10 ára fresti. Borgun fyrir að fá prentað hvert mark skal

vera 1 króna, í hvert sinn sem það er prentað og rennur sú borgun í sýslu-sjóð.

58

57. gr.

Eigi skulu menn hafa námerkt, frekar enn þörf gjörist, og hefir sýslu-nefnd rjett til að kveða á um hversu námerkt má vera. Sá, sem tekur upp náíð mark eða flytur inn í sveit með náíð mark, skal breyta marki sínu, enn sá, sem á erfðamark eða fyrir er, skal halda sínu marki.

58. gr.

Eigi má prenta í markabók neitt mark, sem er afeyrt.

XI. kafli.

Um grenjaleitir, refaveiðar og eitranir.

59. gr.

Hreppsnefndir skulu vandlega annast um grenjaleitir og refaveiðar; þær skipa fyrir um grenjaleitir í tækan tíma, bæði í afrjettum og heimalöndum, og gæta þess vandlega, að þeirrar almennu skyldu sje gætt, að hver og einn leiti rækilega í heimalandi sínu, þar sem grenja von er.

60. gr.

Til grenjaleitar í afrjettir ber hverjum einum, sem hlut á að máli, að leggja fullgildan mann einu sinni á ári, ef á þarf að halda, enn þurfi eigi allra með í senn í afrjett, er á hreppsnefndarinnar valdi að sameina menn til leit-arinnar eða flokka þá saman og láta sinn flokkinn fara hvert ár eða í hverja leit, ef fleiri þarf að gjöra enn eina á ári.

61. gr.

Skotmaður skal vera við grenjaleitir í afrjetti. Borgun til skotmanns fyrir hvert fullorðið dýr, sem hann vinnur, er 2 krónur fyrir fyrra dýrið, sem hann vinnur, enn 3 krónur fyrir hið síðara, fyrir hvern irðling 50 aurar, kaup og fæði um daginn 2 krónur og fyrir hest 1 króna um daginn. Ef skotmaður er hlutaðeigandi leitarmaður, reiknast borgunin einungis fyrir þann tíma, sem gengur til þess að liggja yfir greni; fyrir þann tíma ber einnig að borga öðr-um gren-mönnum allt að sömu upphæð um daginn. Á sama hátt ber að borga skotmanni fyrir gren unnið í heimalandi.

62. gr.

Skylda til grenjaleita í afrjetti byggist á sama grundvelli og skylda til aðalfjallsafns.

63. gr.

Sjerhver hreppsnefnd í þeirri sveit, er liggur til afrjettar eða fjall-lendis, skal að haust-tímanum annast um eitrun fyrir refi á þessum svæðum og eins þótt landið tilheyri einstökum mönnum.

58

64. gr.

Hreppsnefnd má banna alla smölun og umferð í afrjettum, er hún álitur að spilla muni fyrir refaveiðum.

65. gr.

Allan kostnað, er leiðir af refaveiðum og eitrunum fyrir refi, skal greiða af hlutaðeiganda sveitarsjóði.

Einnig er heimilt að greiða af sveitarsjóði kostnað við grenjaleitir í afrjettum, ef hreppsnefnd þykir haganlegra að fá nokkura menn til þess, heldur enn að búendur almennt leggi menn til grenjaleita.

XII. kafl.

Um smá-afrjetti.

66. gr.

Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps skal sjá um fjallskil, rjettahöld, grenjaleitir o. s. frv. í smá-afrjettunum: Þórsmörk, Teigs og Múla tungum og Guðrúnartungum. Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps sjer um það á: Almenníngum, Merkurtungum, Stokkholti og Steinsholti og Goðalandi, og hafa hreppsnefndirnar rjett til að gjöra nauðsynlegar fyrirskipanir í þessu efni.

67. gr.

Hinar almennu reglur, er gilda um afrjetti í sýslunni, skulu einnig gilda um smá-afrjetti þessa, enn þó skulu sjerstaklega gilda um þá þessar reglur:

Fjallskil og rjettahöld skulu fram fara með tilsjón tveggja manna, sem eru settir til þess, annar af hreppsnefndinni í Fljótshlíðarhreppi enn hinn af hreppsnefndinni í Vestur-Eyjafjallahreppi, á kostnað þeirra, sem afrjettina nota. Afrjettirnir skulu smalaðir svo, að eigi verði misgöngur á milli.

Eptirleit skal framfara föstudaginn í 24. viku sumars. Skal eptirsafnið rjettað í afrjettunum á sama hátt og aðalsafnið. Öll söfnin skulu könnuð á víxl þannig, að Fljótshlíðingar hirða allt fje, sem þekkist að vera utan yfir Markarfljót, enn Vestur-Eyjafjallamenn á sama hátt það, sem tilheyrir Eyjafjallahreppunum. Um óskilafje sem ekki þekkist, ræður afrjettur til hvers hreppsins skuli ganga. Eptirleitinni skal lokið svo snemma, að eptirsafnsfjeð nái í næstu byggðasafnsrjettir Fljótshlíðarhrepps og Vestur-Eyjafjallahrepps.

Grenjaleitir, refaveiðar og eitranir á smá-afrjettum þessum skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir annast um á kostnað þeirra, er halda afrjettina til notkunar, enn ef þeir eigi borga góðfúslega, þá skulu eigendur afrjettanna borga þennan kostnað, þó má greiða af sveitarsjóði Vestur-Eyjafjallahrepps þennan kostnað á Almenníngum, Merkurtungum, Stokkholti og Steinsholti, ef hreppsnefndin ákveður svo.

XIII. kafli.

58

Um sektir og málssóknir.

68. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 2—100 kr. sektum. Uppljóstrar-
maður eða uppljóstrarmenn fá fjórðung sektar, enn hinn hlutinn rennur í
sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

69. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn
lögreglumál.

*

*

*

Framanrituð reglugjörð, sem er samin af sýslunefndinni í Rangárvalla-
sýslu, var staðfest og löggilt samkvæmt lögum Nr. 14, 22. marz 1890 af amts-
ráði Suðुरamtsins á aðalfundi þess 21.—23. þ. mán., og skal hún öðlast gildi
10. dag septembermán. næstkomandi.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 25. júní 1894.

Kristján Jónsson

settur.

Reikningur

59

Nemendasjóðs Möðruvallaskólans 1893.

Tekjur.

	kr.	a.
Innstæða í sparisjóði Arnarneshrepps	907	»
Vextir borgaðir á árinu	33	97
Tillög og áheiti	78	50
Samtals	1019	47

Gjöld.

	kr.	a.
Innstæða í sparisjóði Arnarneshrepps	907	»
Lagt í sparisjóð Arnarneshrepps	112	47
Samtals	1019	47

Möðruvöllum í Hörgárdal 24. janúar 1894.

Jón A. Hjaltalín. Stefán Stefánsson. Halldór Briem.